

Afbrotatölfræði

Desember 2008

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Í síðastliðnum desembermánuði var tilkynnt um 1.351 hegningarlagabrot. Eru það fleiri slík brot en í desember síðustu fjögur ár og munar þar líklega mestu um fjölgun auðgunarbrota. Umferðarlagabrot voru hins vegar færri samanborið við sama tímabil og það sama átti við um fjölda fíkniefnabrot (sjá mynd 1).


Á mynd 2 má sjá fjölda hnupla (sem fellur undir þjófnað), rúðubrot og veggjakröta (sem falla undir eignaspjöll) á árinu 2008 greint eftir mánuðum. Sjá má að hnupli fer fjölgandi frá ágústmánuði, en fjöldi þeirra náði hámarki í október þegar tilkynnt var um 140 slík brot. Fjöldi skráðra rúðubrot hefur aukist frá októbermánuði en flest slík brot voru tilkynnt í desember (128 brot). Tilkynningum um veggjakrot fór hins vegar fækkandi eftir því sem leið á árið en tilkynnt var um flest slík brot í apríl (47 brot).

Hraðakstursbrot voru mun færri í desember síðastliðnum samanborið við síðustu tvö ár, tæplega 900 talsins. Það sama átti við um fíkniefnabrot sem voru 52% færri í desember síðastliðnum en í fyrra. Þjófnaðarbrot voru hins vegar mun fleiri en síðustu tvö ár og voru um 15 slík brot tilkynnt að meðaltali á dag í desember en sex í sama mánuði í fyrra. Einnig var tilkynnt um fleiri innbrot samanborið við síðustu tvö ár, alls 334 brot.

Á mynd 3 má sjá vettvang hnupla, rúðubrot og veggjakröta á árinu 2008. Miðað er við þau brot þar sem vettvangur er þekktur. Eins við er að búast var vettvangur hnupla í 88% tilvika í verslun en í 7% tilvika í fyrirtæki. Algengasti vettvangur rúðubrot, eða um þriðjungur þeirra, var á akbraut eða bifreiðastæði og er þá líklega algengast að um sé að ræða í bifreiðum. Þá áttu flest tilkynnt veggjakrot sér stað á fyrirtækjum (28%) en næstflest á heimili eða einkalóð (22%).




Mynd 1. Fjöldi brota í desember 2004-2008 eftir tegund brots.



Mynd 2. Fjöldi hnupla, rúðubrot og veggjakröta árið 2008 greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í desember 2006, 2007 og 2008.

	Des.08	Des.07	Des.06
Hraðakstursbrot	884	1.708	1.369
Þjófnaðarbrot	451	191	246
Eignaspjöll	270	253	308
Innbrot	334	150	241
Ölvun við akstur	131	153	188
Fíkniefnabrot	92	193	177
Áfengislagabrot	55	103	133
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	98	124	129
Akstur gegn rauðu ljósi	33	54	115
Nyrtiastuldur	44	34	46



Mynd 3. Vettvangur hnupla, rúðubrot og veggjakröta árið 2008, hlutfall.

Afbrotatölfræði

Desember 2008

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í desember 2006, 2007 og 2008 eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006
Akranes	23	17	23	74	90	44	2	4	2
Akureyri	45	63	62	47	96	94	6	12	7
Blönduós	1	2	5	21	53	291	1	1	2
Borgarnes	11	11	12	57	965 ⁺	174	3	4	6
Eskifjörður	20	3	18	40	29	71	0	3	1
Húsavík	5	9	6	27	75	42	0	3	0
Hvolsvöllur	9	7	4	22	116	77	0	0	3
Höfuðborgarsvæðið	1036	678	859	1101*	1116	1499	60	132	112
Sauðárkrókur	7	15	6	16	13	38	0	2	0
Selfoss	65	42	61	52	122	211	7	7	10
Seyðisfjörður	13	5	6	12	17	40	0	1	1
Snæfellsnes	3	9	6	7	53	17	0	0	0
Suðurnes	93	85	90	280*	142	223	11	19	26
Vestfirðir	9	9	7	14	34	48	1	5	6
Vestmannaeyjar	11	8	14	13	8	44	1	0	1
Alls	1351	963	1179	1783	2929	2913	92	193	177

* Af 1.101 umferðarlagabroti á höfuðborgarsvæðinu (þ.m.t. Hvalfjarðargöng) voru 571 hraðakstursbrot skráð með hraðamyndavélum

* Af 280 umferðarlagabrotum á Suðurnesjum voru 163 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

* Af 965 umferðarlagabrotum í Borgarnesi voru 877 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota í desember 2006-2008 eftir umdæmum.

Alls voru 77% hegningarlagabrota skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í desember síðastliðnum, 7% hjá lögreglunni á Suðurnesjum og 5% hjá lögreglunni á Selfossi en hátt hlutfall á Selfossi má rekja til þjófnaða og innbrota m.a. í gróðurhús og sumarbústaði. Þá var stærsta hlutfall umferðarlagabrota skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (62%) og næstflest hjá lögreglunni á Suðurnesjum (16%) og voru flest brotin hraðakstursbrot. Skráð voru um 4% umferðarlagabrota hjá lögreglunni á Akranesi sem fóru í átak í að skoða ástand ökutækja í desember.

Um 65% fíkniefnabrota voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, 12% hjá lögreglunni á Suðurnesjum og tæp 7% hjá lögreglunni á Akureyri.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. janúar 2009 og eru tölur fyrir árið 2008 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað, jafnvel þó skráning málanna fari fram á Snæfellsnesi. Er það breyting frá mánaðarskýrslum í júlí til desember 2007 þegar brotin voru skráð undir lögregluembættið á Snæfellsnesi.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kærur fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.